

ÁRSSKÝRSLA 2014



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Framkvæmdasýsla ríkisins
starfar á grundvelli laga um
skipan opinberra framkvæmda.

Framkvæmdasýsla ríkisins er
leiðandi og stefnumótandi afl í
opinberum framkvæmdum og
stuðlar að skilvirkni og
hagkvæmni á því sviði.

Framkvæmdasýsla ríkisins
hefur það að markmiði að veita
góða þjónustu og stuðla að
góðri samvinnu við
viðskiptavini sína.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Tilgangur.....	1
Hlutverk	1
Ársreikningur	1
Þróunar- og samstarfsverkefni	2
BIM, upplýsingalíkön mannvirkja.....	2
Verkefni á árinu 2014	3
Forsætisráðuneytið.....	3
Atvinnuvega- og nýsköpunar- ráðuneytið.....	4
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	5
Innanríkisráðuneytið	7
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	10
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	15
Utanríkisráðuneytið	17
Velferðarráðuneytið	17
Alþingi.....	21
Samstarf	22
Rekstur og starfsfólk	25
Rekstrarafkoma	25
Ársreikningur 2014	Error! Bookmark not defined.



Ársskýrsla 2014

Útgefandi: Framkvæmdasýsla ríkisins. 20. júlí 2015.

Vinnsla forsíðu: Stafræna prentsmiðjan ehf.

Ljósmyndir frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefnanna.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Halldóra Vífilsdóttir.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Forstjóri FSR, sem skipaður er af fjármála- og efnahagsráðherra til fimm ára í senn, veitir stofnuninni forstöðu og sér um að marka stefnu hennar í samráði við ráðuneytið. Hann situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ásamt ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er fjármögnuð með sértekjum sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni.

Tilgangur

Tilgangurinn með rekstri Framkvæmdasýslu ríkisins er að byggja upp á einum stað innan ríkisgeirans sérþekkingu á verklegum framkvæmdum, því mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði.

Hlutverk

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

Ársreikningur

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjárskýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Þessi samandregni ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2014.

Þróunar- og samstarfsverkefni



BIM á verkstað Fangelsisins á Hólmsheiði

BIM, upplýsingalíkön mannvirkja

Á árinu 2014 var áhersla lögð á innleiðingu BIM í verklegum framkvæmdum. Einnig var lögð áhersla á menntun og nýjungar í áætlunargerð.


Vorið 2014 voru haldin tvö BIM námskeið og þrjú opnir fundir í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Fyrri námskeiðið, BIM 101, fjallaði um aðferðafræði BIM, almenn hugtök, skilgreiningar, tæknina á bak við BIM og BIM ferli. Seinna námskeiðið, var framhaldsnámskeið fyrir hönnuði þar sem kafað var dýpra og farið yfir hvernig hönnuðir geta nýtt BIM studdan hugbúnað til að auka hagræðingu í hönnun. Stefnt er að fleiri námskeiðum haustið 2015.

Hingað til hefur aðaláherslan verið lögð á BIM í áætlunargerð en nú gerir FSR einnig kröfur um að verktaki innleiði BIM í verklegum framkvæmdum. Einna helst hefur reynt á þetta í framkvæmd við nýtt fangelsi á Hólmsheiði og í viðbyggingu við Menntaskólann við Sund. Krafa felst í því að útbúa hermun á verkáætlun, þar sem líkön hönnuða eru tengd við verkáætlun. Hagur verktaka liggur m.a. í því að hægt er að samræma verkáætlun, stjórna byrgðastöðu og framkvæma áhættugreiningar á einstaka verkþáttum.

Til að auka notkun á upplýsingatækni á verkstað, voru líkön gerð aðgengileg fyrir iðnaðarmenn og var árangurinn að því góður. Notaður var hugbúnaður sem gerði iðnaðarmönnum kleift að skoða líkön og teikningar með spjaldtölvu á verkstað. Þetta fyrirkomulag hefur komið sér afar vel og eru iðnaðarmenn og aðrir ánægðir með þessa þróun.

Við hönnun á stækkun verknámsaðstöðu við Fjölbautarskóla Suðurlands var haft

var samstarf við rekstraraðila, Ríkiseignir, á undirbúningsstigi verkefnisins. Þarfi voru skilgreindar og leitast við að setja upplýsingar byggðar á þarfagreiningu í líkanið. Einnig var notast við kóðun byggingahluta, en kóðun auðveldar notkun líkansins í verklegri framkvæmd og rekstri. Verklag, þar sem hönnuðum er gert kleift að skoða líkön allra fagaðila og bera saman við sitt, árekstrargreina og gera athugasemdir, var innleitt.



Samsett líkan af viðbyggingu við FSu

Framkvæmdasýslu ríkisins bauðst að taka þátt í innleiðingarstarfi á vegum Evrópusambandsins, þar sem Evrópulöndin snúa bókum saman og styðja hvert annað í innleiðingu á BIM. Evrópusambandið samþykkti tilskipun í mars 2014 þar sem opinberum verkkaupum er gert kleift að krefjast BIM í verkefnum sínum. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning á BIM og BIM starfi í Evrópulöndum, samhlíða því að byggja upp tengslanet og skoða sameiginleg markmið og samstarfsverkefni landanna sem styðja við þróun á aðferðum og stöðlum.

FSR tekur einnig þátt í samstarfi með Norðurlandabjórðunum í gegnum NKS, þar sem fulltrúar landanna hittast reglulega og fara yfir stöðuna hjá sínu landi og næstu skref.

Verkefni á árinu 2014

Hér verða rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni í undirbúningi svo og útgáfa skilamata og skilagreina.

Forsætisráðuneytið

Verkefni vegna forsætisráðuneytisins voru eftirfarandi.

Hakið á Þingvöllum

Í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur síaukinn fjöldi ferðamanna kallað á áframhaldandi uppbyggingu. Upphaf nýrrar þróunar hófst þegar samkeppni var haldin um Hakið og byggð var gestastofa árið 2000. Uppbyggingin hefur síðan haldið áfram með stakstæðri byggingu fyrir snyrtingar árið 2010 og byggingu brúar í Kárastaðastíg og yfir á útsýnissvæðið á Hakinu með brúartengingum við hlað gestastofu.

Framkvæmdaáætlun var sett fram fyrir árið 2014 í samræmi við fjárheimildir, en alls voru 225 m.kr. til ráðstöfunar og gert ráð fyrir að 125 m.kr. fengjust til sömu verkefna 2015. Vinna við aðgengisrampa og pall við gestastofu við Hakið, göngubrú af Hakinu inn á Hlað og undirbúningur hraunhellulagnar á Hlaðinu var komið í

gang fyrir áramót 2013/2014. Þann 1. mars var auglýst eftir tilboðum í bílastæði og hellulögn gönguleiða. Gengið var til samninga við Suðurverk ehf. sem lægstbjóðanda um verkið. Framkvæmdir hófust 7. maí og lauk 4. september. Grásteinn ehf. sá um að saga 765 m² af hraunhellum til að leggja á Hlaðið. Kolbeinn Sveinbjörnsson á Heiðarási hafði umsjón með lagningu þeirra og lauk verkinu 11. september. Samið var við Pálmatré ehf. um að fullgera skárampa og útipall við Gestastofu, ásamt timburhluta göngubrúar. Þeim verkþætti lauk 30. ágúst. Stálprýði ehf. sá um stálhluta göngubrúar og handrið á brú og lauk þeirri vinnu 11. september. Samið var við Glámu-Kím arkitekta ehf. um fullnaðarhönnun þjónustuhúss á lóð nr. 3 á Hakinu. Suðurverk ehf. sá um grunngröft og steypar undirstöður. Vörðufell ehf. annaðist byggingu og uppsetningu hússins að undangengnu útboði. Smíði hússins lauk í árslok en beðið var með flutning þess frá Selfossi á undirstöður vegna veðurs. Samhliða þessum verkum var unnið að ýmsum frágangi bæði við brúarsporða, við Hlaðið og frágangi á eldri vegslóðum.



Við flutning þjónustuhússins á Þingvelli

Samhliða verklegum framkvæmdum hélt áfram vinna við deiliskipulag og staðarval í stærra samhengi. Gláma-Kím arkitektar ehf. og Landslag ehf. sáu um þá þætti ásamt þarfagreiningu á stækkun gestastofunnar. Vönduð skýrsla um þarfagreininguna lá fyrir í árslok.

Við áramót hafði verið varið um 160 m.kr. í framkvæmdir og því eru 70 m.kr. til ráðstöfunar árið 2015.

Öryggisgeymslur /varðveislu- og rannsóknarsetur fyrir Þjóðminjasafn Íslands

Að höfðu samráði við forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið var verkkaupasamningur undirritaður í upphafi árs 2014 milli Þjóðminjasafns Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins. Verkefnið fólst í gerð frumathugunar, þarfagreiningar og húslýsingar fyrir öryggisgeymslur /varðveislu- og rannsóknarsetur fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir leiguhúsnæði á árinu 2015 og að FSR hafi umsjón með því verkefni. Verkkaupi er Þjóðminjasafn Íslands.

Frumathugun ásamt þarfagreiningu var undirrituð í febrúar 2014. Í framhaldi var unnið minnisblað með frekari upplýsingum um stærðir/flatarmál, fasteignarverð o.fl. auk upplýsinga um rekstur, flutning safngripa og búnaðarkaup vegna nýrra öryggisgeymslna. Frumathugun var unnin í samráði við starfsfólk Þjóðminjasafnsins. Að höfðu samráði við verkkaupa, forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið hófst vinna við húslýsingu í maí 2014.

Varðveisluhús/öryggisgeymsla er húsnæði með geymslum fyrir almennan safnkost ásamt vinnuástöðu sem nauðsynleg er vegna móttöku gripa, flokkun þeirra, forvörslu eða hreinsun, rannsókna, skráningu, ljósmyndun, pökkun, afgreiðsla, verkstæði og aðstaða til sýningargerðar. Aðrir þættir í húsinu er skrifstofur, fundarherbergi og önnur aðstaða starfsfólks, nemenda og fræðimanna. Einnig nefnt varðveislur og rannsóknasetur.

Húsrýmisþörf er áætluð um 4.500 m² brúttó miðað við 4,5 m lofthæð.

Skilamöt og skilagreinar:

Á árinu 2014 voru eftirfarandi skilamöt og skilagreinar gefin út:

- Sjávarútvegshúsið, endurbætur á 5. og 6. hæð
Útgefið febrúar 2014
- Sameining ráðuneyta 2012, Amarahvoll 3. hæð, skilagreinar.
Útgefið ágúst 2014
- Sameining ráðuneyta 2012, Skuggasund 3, skilagreinar.
Útgefið ágúst 2014

Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið

Verkefni vegna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stofnana þess, þar sem eru málefni sjávarútvegs, landbúnaðar, viðskipta og iðnaðar, voru eftirfarandi.

Hafró – veiðimálastofnun sameining

Frumathugun vegna fyrirhugaðrar sameiningar tveggja núverandi stofnana, þ.e. Hafransóknarstofnunar (Hafró) og Veiðimálastofnunar, í eina nýja stofnun Haf- og vatnarannsóknir.

Haf- og vatnarannsóknir.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um sameiningu fyrrnefndra stofnana. FSR vann á árinu þarfagreiningar fyrir núverandi stofnanirnar tvær í samvinnu við forstjóra þeirra. Á grundvelli þeirra var unnin þarfagreining fyrir nýja stofnun. Einnig var unnin frumathugun sem byggð er á niðurstöðum þarfagreiningarinnar. Frumathugunin ásamt þarfagreiningunum er nú til skoðunar hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

Skilamöt og skilagreinar:

Engin skilamöt voru gefin út á árinu vegna verkefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.



Arnarhvoll

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Helstu verkefni á árinu 2014 vegna fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi.

Arnarhvoll og gamla Hæstaréttarhús, endurbætur utanhúss

Arnarhvoll við Lindargötu var byggður í tveimur áföngum 1931 og 1946. Viðhaldi hefur verið haldið í lágmarki í gegnum árin og standa yfir allsherjar endurbætur, bæði innan- og utanhúss, og eru þær unnar í áföngum. Gamla Hæstaréttarhúsið, sem er áfast seinni áfanga Arnarhvols og byggt samtímis, hefur staðið að mestu autt síðan Hæstiréttur flutti í nýtt húsnæði 1996.

Verkefnið felst í því að gera nauðsynlegar endurbætur á húsinu sjálfu, bæði innan sem utan ásamt því að færa skipulag innanhúss í nútímalegra horf og bæta úr bruna-, öryggis- og aðgangsmálum, m.a. með því að setja lyftu í húsið og breyta aðkomu og móttöku ásamt því að bæta alla aðstöðu starfsfólks í húsinu.

Arnarhvoll og gamla Hæstaréttarhús, innanhúss-framkvæmdir – áfangi 1

Gláma/Kím arkitektar ehf. ásamt verkfræðistofunni Eflu unnu við áætlunargerð á 1. áfanga endurbóta og breytinga innanhúss. Er þar um að ræða eftirfarandi verkþætti:

- Vesturhluti 3. hæðar endurnýjaður
- Lyfta sem tengir saman allar hæðir
- Snýrtikjarnar á 1. - 3. hæð
- Ræstimiðstöð á jarðhæð
- Loftræstisamstæða á jarðhæð

Lyftustokki og lagnaleiðum var komið fyrir í gegnum allar hæðir hússins ásamt því að loftræstisamstöðu var komið fyrir. Snýrtikjarnar og fatahengi eru við lyftu á hverri hæð.

Á þriðju hæð voru byggðir nýir léttir innveggir og loft. Glerveggir með timburhurðum úr eik snúa að gangi. Loft eru ýmist dúkkæld, gifsloft eða kerfisloft með innfeldri lýsingu í loft og raufar meðfram veggjum. Gólfefni á 3. hæð er stafaparket úr eik og flísar á snýrtikjum á öllum hæðum. Nýjar innréttingar úr eik eru á 3. hæð og í salerniskjarna á öllum hæðum ásamt því að sólbekkir, gluggaáfellur og gerrekti voru endurnýjuð.

Áætlunargerð lauk í september 2014 og var verið þá boðið út. Fjögur tilboð bárust en samið var við lægstbjóðanda Sérverk ehf. Tilboðið hljóðaði upp á kr. 108.114.800.- eða 87,14% af kostnaðar-áætlun, sem var kr. 124.067.980. Verklok verða fyrri hluta ársins 2015.

Leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti en fjármála- og efnahagsráðuneytið og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinnur FSR í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Suðurströnd 12, Seltjarnarnesi, Heilsugæsla – endurbætur

Haustið 2014 flutti heilsugæslan Seltjarnarnesi tímabundið á Landakotsspítala. Var þá hafist handa við niðurrif á léttum veggjum auk þess sem innréttingar og búnaður var fjarlægður. Jafnframt var hafin hönnun nýrrar heilsugæslu og fór útböð fram í lok nóvember.

FSR tók við umsjón verkefnisins um miðjan nóvember, Útböð var auglýst 22. nóvember og voru tilboð opnuð 10. desember. Verklef framkvæmd hefst á árinu 2015. Verkaupí er Ríkiseignir. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Hönnuðir eru ASK arkitektar ehf og VSÓ-Ráðgjöf.

Skilamöt og skilagreinar

Engin skilamöt voru gefin út á árinu vegna verkefna fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



Heilsugæsla Seltjarnarness



Uppsetning létttra veggja

Innanríkisráðuneytið

Fyrir innanríkisráðuneytið og stofnanir þess var unnið að eftirfarandi verkefnum.

Fangelsi á Hólmsheiði

Vinna við fyrsta áfanga verksins, jarðvinna og heimtaugar, lauk í lok árs 2013. Næsti áfangi verksins, hús og lóðarfrágangur, var auglýstur 17. ágúst 2013 og voru tilboð opnuð 5. desember 2013. Þrjú tilboð bárust, sjá yfirlit:

Tilboð í hús og lóðarfrágang

Bjóðendur	Tilboðsupphæð	Hlutfall af kostnaðar-áætlun
Ístak hf.	2.045.077.807	106,7%
ÍAV hf.	1.819.963.591	94,9%
Jáverk ehf.	1.822.496.000	95,1%
Kostnaðar-áætlun FSR	1.917.407.375	100,0%

Eftir yfirferð tilboða var samið við lögstjóðanda, ÍAV hf., og var tilboði verktakans tekið þann 15. janúar 2014. Verksamningur vegna verksins var undirritaður 31. janúar og hófust framkvæmdir í febrúar.

Á árinu var áfram unnið við uppsteypu hússins sem var lokið í árslok. Í byrjun desember skall vetur á með fullum þunga sem hæggði á framkvæmdum þann mánuðinn.

Samskiptakerfi

Útboð um samskiptakerfi fangelsisins var auglýst í september og voru tilboð opnuð þann 3. október. Fjögur tilboð bárust:

Tilboð í samskiptakerfi fangelsisins

Bjóðendur	Tilboðsupphæð	Hlutfall af kostnaðar-áætlun
Nortek ehf	59.388.929	394,1%
Securitas hf	21.437.543	142,3%
Öryggismiðstöð Íslands hf	11.997.424	79,6%
TRS	32.281.108	214,2%
Kostnaðar-áætlun FSR	15.070.000	100,0%

Eftir yfirferð tilboða var niðurstaðan sú að tvö þeirra voru gild, Securitas hf. og TRS. Lagt var til að ganga til samninga við lögstjóðanda, Securitas hf. Tilkynnt var um val á tilboði lögstjóðanda 27. október. Þann 6. nóvember barst kæra við niðurstöðu útboðsins af hálfu Öryggismiðstöðvar Íslands hf. Niðurstaða frá Kæruneftnd útboðsmála lá ekki fyrir í árslok 2014.

Aðalhönnuður er Arkís arkitektar ehf., hönnunarstjóri er Björn Guðbrandsson. Mannvit hf. annast burðarþol, lagna- og hljóðhönnun, Verkís hf. annast rafmagns-lýsingar- og öryggishönnun og VSI brunahönnun.



Forsteyptar veggeingar í Fangelsinu á Hólmsheiði

Litla Hraun, móttökuhús

Á Litla Hrauni var ákveðið að leysa móttökuaðstöðuna með færanlegu timburhúsi. Í húsinu er biðstofa ásamt gestasalerni og vaktherbergi, í móttökusal er málmleitarhlið og gegnumlýsingartæki, ásamt leitarherbergi og aðstöðu til sérstakrar skoðunar á varningi. Framkvæmdir hófust sumarið 2013.



Litla - Hraun, móttökuhús.

Framkvæmdum við móttökuhúsið lauk haustið 2013. Á árinu 2014 var komið fyrir leitarbúnaði í móttökuhúsinu og settur upp stjórnþúnaður. Einnig var gengið frá raftengingum og stýristrengjum á milli nýs hliðs, núverandi hliðs og móttökuhúss. Sett var upp ný girðing umhverfis bílastæðið fyrir framan núverandi hlið á Litla-Hrauni.

Verkefni innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar.

Fyrir Landhelgisgæsluna hefur FSR annast umsjón og eftirlit við endurbætur á raflögnum í byggingum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdirnar hafa verið boðnar út í áföngum.

Framkvæmdir við 6. áfanga hófust í nóvember 2013. Um er að ræða byggingu nr. 130. Byggingin er stjórnstöð samþætts loftvarnakerfis NATO hér á landi. Verktaki er Bergraf ehf. Fyrir utan rafkerfisbreytingar í byggingu nr. 130 voru gerðar umfangsmiklar endurbætur á vatns- og kællilögnum og ásamt breytingum á loftræsikerfum.

Á árinu 2014 var unnið við 7. áfanga með undirbúningi að rafkerfisbreytingum í byggingu nr. 831. Byggingin er flugskýli með verkstæðum, skrifstofum, rafstöðvarými, tæknirýmum, göngum, salernum og geymslum á tveimur hæðum í sambyggðum hliðarbyggingum við flugskýlið og er samtals um 12.200 m². Útboð var auglýst 30. ágúst og tilboð opnuð 16. september. Fjögur gild tilboð bárust og reyndist tilboð Bergraf ehf. lægst eða kr. 64.489.246.- og nam um 91,5% af kostnaðaráætlun. Gerður var verksamningur við Bergraf ehf. og hóf verktakinn framkvæmdir í nóvember.



Bygging 831 á Keflavíkurflugvelli.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, leiguhúsnæði

Fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu var unnið að ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis fyrir tæknideild, tölvurannsóknadeild og munavörslu að hluta en húsnæðið er staðsett við Vínlandsleið 2 – 4 í Reykjavík. Húsnæðið var tekið í notkun í aprílmánuði 2014.



Nýtt húsnæði lögreglunnar við Vínlandsleið



Samgöngustofa í nýju húsnæði

Samgöngustofa, húsnæðismál

Samgöngustofa, sem stofnuð var 1. júlí 2013, annast stjórnslu samgöngumála og eftirlit með þeim. Verkefni stofnunarinnar heyrðu áður undir Flugmálastjórn Íslands og Umferðarstofu, einnig annast stofnunin stjórnslu- og eftirlitsverkefni Siglingastofnunar Íslands svo og umferðareftirlit sem áður var hjá Vegagerðinni.

Leigusamningur fyrir nýtt húsnæði fyrir stofnunina var undirritaður í apríl 2014 og var húsnæðið tekið í notkun í september sama ár. Húsnæðið er staðsett við Ámúla 2 í Reykjavík og er um 3.500 m². Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og var þeim ekki að fullu lokið um áramótin 2014/15.

Skilamöt og skilgreinar:

Á árinu voru eftirfarandi skilamöt og skilagreinar gefin út:

- Innanríkisráðuneyti, stigi 2. -4. hæð. Skilamat útgefið í júlí 2014
- Fangelsi Kvíabryggju, stækkun og breytingar
Útgefið í desember 2014
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustöð 4
Útgefið í desember 2014
- Umboðsmaður barna, leiguhúsnæði
Útgefið í nóvember 2014



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2014 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Framkvæmdir við nýbyggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ hófust um mitt ár 2013.

Aðalhönnuðir eru að arkitektar, verktaki Eykt ehf og verkefnisstjóri verkkaupa Guðbjartur Á. Ólafsson hjá FSR. Eftirlit á byggingartíma var hjá Ívari M. Markússyni verkefnisstjóra FSR. Verkkaupar voru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbær.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Innanhúss.

Framkvæmdir við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ héldu áfram á árinu 2014 en voru um áramótin 2013/14 á lokastigi. Útskriftarathöfn fór fram í matsal skólans, eins og stefnt hafði verið að, 20. desember 2013. Verktaki fékk skiladag framlengdan

til 7. janúar, en þá fór fram öryggisúttekt byggingaryfirvalda og var heimilað að kennsla mætti hefjast samkvæmt stundaskrá 8. janúar þó að nokkrum verkþáttum væri ólokið.

Byggingin var tekin til fasteignamats 13. febrúar 2014 eftir fokheldi. Byggingin hefur fastanúmerið 233 1097 á landi 220 037 sem 4.049,6 m² og 17.183,6 m³ og meðalhæð er 4,24 m. Endurstofnsverðmæti húss er skráð 1.425.633 þ. kr..

Nokkrir verkþættir voru unnir á sumarmánuðum, þegar skólahald lá niðri, en heildarúttekt á þeim verkþáttum fór fram í lok júlí ásamt aðgengismálum utandyra og lóðarfrágangi.

Skólafólk mætti því til haustannar í fullbúið skólahús og þá var jafnframt búið að sjá skólanum fyrir öllum búnaði í kennslustofur og vinnurými.

Niðurstaða byggingarkostnaðar í árslok 2014 var 1.430 m.kr. og búnaður var keyptur og uppsettur fyrir 148,5 m.kr.

Byggingin hefur vakið mikla athygli og var m.a. tilnefnd til Mies van der Rohe verðlauna árið 2014 og Menningarverðlauna DV. Hönnun byggingarinnar hefur auk þess hlotið alþjóðlega BREEAM-umhverfisvottun sem vistvæn bygging.



Tölvugerð mynd af viðbyggingunni



Viðbygging tilbúin

Þjóðleikhúsið, viðbygging

Framkvæmdum við leikmunageymslu Þjóðleikhússins, samkvæmt hönnun Teiknistofu Garðars Halldórssonar, lauk að mestu á árinu 2013. Lokaúttekt fór fram, án athugasemda, 20. desember og ábyrgðarúttekt 19. desember 2014.

Gerður var samningur við ÍAV hf. um uppsetningu vörulyftu frá smíðaverkstæði upp á 1. hæð, og upp á milligólf í sama plani og gólf gamla hússins.

Ósk Þjóðleikhússins um stærri lyftupall kallaði á sérsmíði. Lyftan var sett upp í september, en fékk ekki úttekt yfirvalda. Unnið er að leysa það mál með KONE og ÍAV hf. sem verktaka.

Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi, skrifstofur og tengingangur

Lokaúttekt við 5. áfanga Háskólans á Akureyri fór fram 12. des. 2013. Unnin voru nokkur viðbótarverk á árinu 2014. Áfanginn, sem er um 750 m² að stærð, hýsir skrifstofur, fundaherbergi, kaffiaðstöðu og stoðrymi. Einnig er um að ræða viðbót við tengingang.

Verkkaupi er Háskólinn á Akureyri f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Umsjón með framkvæmdum hafði FSR. Verktaki, SS byggir ehf..



Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi

Þjóðskjalasafn Íslands, endurbætur

Í janúar 2014 lá fyrir frumathugun vegna endurbóta á rishæð húss 1 við Laugaveg 162. Heimild til áætlunargerðar var veitt 10. mars. Hönnun endurbóta var boðin út í örútbóði innan rammisamnings Ríkiskaupa í lok mars og voru tilboð opnuð 4. apríl. Gengið var til samninga við lögstjóðanda, Erum-Arkidea arkitekta. Kostnaðaráætlun FSR var upp á kr. 8.000.000.- en tilboð lögstjóðanda hljóðaði upp á kr. 3.450.000.- eða 43,3% af kostnaðaráætlun. Útbodsgögn lágu fyrir í septemberlok og umsögn um áætlunargerð þann 10. október. Heimild samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til útbóðs lá fyrir 23. desember. Áætlað var að bjóða verkið út í janúar 2015 og með verklokum í ágúst sama ár.



Þjóðskjalasafn, innréttingar.

Vegna húss 4 var í desember gengið frá viðbótarsamningi við verktaka, Egilsson og Rossen ehf., um uppsetningu skjalaskápa fyrir teikningar í herbergi 109. Uppsetning þeirra er áætluð í mars 2015.



Grunnur Húss íslenskra fræða

Hús íslenskra fræða

Framkvæmdir við Hús íslenskra fræða hafa verið í bið frá árinu 2013.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, lóðarframkvæmdir

Lóðarframkvæmdir við Fjölbrautaskólann í Ármúla voru boðnar út í febrúar 2013 og lauk þeim á árinu. Lóðin skiptist í aðkomuhluta með bíla- og hjólastæðum og baklóð með hellulögðu dvalarsvæði framan við mótuneytið.



Lóðarfrágangur við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Helstu verkliðir voru jarðvinna, landmótun, malbikun, hellulagning, lýsing, uppsetning götuganga ásamt frágangi gras- og gróðursvæða.

Verkkaupar voru mennta- og menningarmálamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Fasteignir ríkissjóðs. FSR annaðist umsjón og eftirlit. Hönnun lóðarfrágangs annaðist Hermann Ólafsson landslagsarkitekt hjá Landhönnun slf. Lóðarverktaki var Garðyrkjubjónustan ehf.



Hjólastæðisskýli Fjölbrautarskólans í Ármúla.



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Áfram var unnið að undirbúningi vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu.

Byggingarnefnd SVF skipa Eiríkur Hilmars-son, formaður, Auður Hauksdóttir, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, Guðmundur R. Jónsson, Inga Jóna Þórðardóttir og Ingjaldr Hannibalsson. Sigurlaug I. Lövdahl er starfsmaður nefndarinnar. Með nefndinni starfar einnig Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri FSR. Hönnuðir eru arkitektur.is í samstarfi við Verkís. Kristján Garðarson arkitekt er hönnunarstjóri.

Aðalteikningar voru lagðar inn til byggingarfulltrúa í desember 2012 en fullnaðarhönnun með breytingum í desember 2014.

Heimild til útboðs að lokinni áætlunargerð var veitt af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir 23. desember 2014. Bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var boðin út sem fullhönnuð bygging á EES svæðinu 23. desember 2014 og innanlands 3. janúar 2015. Byggingin er 3.473 m² á fjórum hæðum og eru 201 m² undirgöng undir Suðurgötu sem tengja bygginguna við Háskólatorg. Áætlað er að verkframkvæmdir hefjist vorið 2015 og ljúki haustið 2016.

Menntaskólinn við Sund, viðbygging



Menntaskólinn við Sund, afstöðumynd.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, umsjón annast FSR.

Heildarstærð viðbyggingarinnar verður 2.832 m² og heildarstærð alls skólakúpsins verður 7.800 m². eftir stækkun.

Verkframkvæmdin var boðin út í mars 2014 og bárust átta tilboð. JÁ-verktakar áttu lágsta tilboðið kr. 965.688.661.- sem var 91,8% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 1.051.934.154.-. Á árinu 2014 hefur eingöngu farið fram uppsteypa og er verkið á eftir áætlun í lok árs.



Vinningstillaga stækkun verknámsaðstöðu Fjölbrautarskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands, stækkun verknámsaðstöðu

Höfundar verðlaunatilögu, TARK arkitektar og verkfræðistofan Mannvit, unnu að áætlunargerð vegna fyrirhugaðrar stækkunar verknámsdeildar Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi. Samkvæmt áætlunum mun áætlunargerð ljúka í febrúar 2015 og verður þá framkvæmdin boðin út. Stefnt er að verklokum í október 2016.

Verkkaupar eru mennta- og menningar- málaráðuneytið og Sveitafélagið Árborg, Héraðsnefnd Árnesinga, Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur - Skaffellinga. Umsjón hefur FSR.

Stofnun Árna Magnússonar, húsnæðismál

Hluti af starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar hefur verið að Neshaga 16 en sl. haust var stofnuninni sagt upp húsnæðinu.

Í desember var auglýst eftir nýju 620 m² húsnæði fyrri stofnunina. Auk hefðbundins skrifstofuhúsnæðis var gerð krafa um rými fyrir nokkur söfn stofnunarinnar.

Áætlað er að stofnunin fái nýtt húsnæði til afnota um mitt ár 2015.

Skilamöt og skilagreinar

Á árinu voru eftirfarandi skilamöt og skilagreinar gefin út:

- Háskóli Íslands, VR-1, endurbætur
Útgefið í desember 2014
- Háskóli Íslands, Læknagarður, endurbætur
Útgefið í desember 2014
- Menntaskólinn í Reykjavík, Casa Nova
Útgefið í september 2014



Stækkun verknámsaðstöðu Fjölbrautarskóla Suðurlands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Helstu verkefni sem unnin voru fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneyti á árinu 2014 tengdust ofanflóðavörnum. Einnig var unnið að smærri verkefnum fyrir stofnanir ráðuneytisins. Framkvæmdasýslan hefur umsjón með verkefnum fyrir verkkaupa, sem eru hvað varðar ofanflóðavarnir viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður, sem er á vegum ráðuneytisins.

Snjóflóðavarnir á Ísafirði, þvergarður undir Kubba

Áfram var unnið að frágangi vegna varnargarðs undir Kubba í Ísafjarðarbæ.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Ísafjarðarbær. Umsjón hefur FSR. Verkhönnuður var Efla hf. verkfræðistofa, landslagshönnun var unnin af Landmótun sf. Verktaki var Geirnaglinn ehf.

Byggingu þvergarðsins, þar með talin mótun yfirborðs skeringa, gangstíga og jöfnun yfirborðs lauk á árinu 2013 en bygging göngubrúar yfir Úlfsá var unnin á árinu 2014 og þá fór einnig fram grassáning.



Varnargarður undir Kubba, Ísafirði.

Á næstu tveimur árum, sumrin 2015 og 2016, verður unnið að endursáningu, áburðargjöf og gróðursetningu.

Ofanflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla

Framkvæmdir við aur- og snjóflóðagarða fyrir ofan byggðina neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði héldu áfram á árinu 2014.

Um er að ræða tvo snjóflóðavarnargarða og er sá lengri þvergarður um 380 m langur og allt að 14 m hár. Eru þeir byggðir upp með brotnu grjóti og styrkingarkerfi flóðmegin. Ennfremur er byggður einn aurflóðavarnargarður.



Lagnir við Urðarveg við Gleiðarhjalla, Ísafirði.

Verkkaupi er Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkhönnuður var Mannvit hf. verkfræðistofa, landslagshönnun vann Teiknistofan Eik ehf.

Uppihald var á framkvæmd yfir vetrartímamann. ÍAV hf. hóf framkvæmdir við byggingu garða að nýju í lok apríl og unnið var til 5. desember 2014. Ráðgert er að byggingu garðanna ljúki að mestu á árinu 2015.

Ofanflóðavarnir Bíldudal í Milligili

Frumathugun og fornminjarannsókn í verkefninu Ofanflóðavarnir á Bíldudal er lokið. Kannaðar verða fornminjar á afmörkuðu svæði og unnin kynningarskýrsla um matsskyldu sem send verður Skipulagsstofnun til umsagnar.

Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi

Áfram var unnið við 2. áfanga á uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði, þ.e. undir Hafnarhrynu í Hafnarfjalli. Um er að ræða hluta upptakastoðvirkja sem reist eru í áföngum. Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Fjallabyggð. Umsjón hefur FSR.

Útboð efnis var auglýst í desember 2012. Tilboði Mair Wilfried GmbH í Austurríki var tekið. Afhending efnis fer fram fyrir uppsetningu hvers hluta stoðvirkjanna sumrin 2013 - 2015.



Borað fyrir festingum.

Útboð á uppsetningu stoðvirkjanna í Hafnarhrynu var auglýst 9. mars 2013 og var tilboði ÍAV hf. tekið þann 13. júní 2013.

Verkið felur í sér að setja upp stoðvirki úr stáli á upptakasvæðum snjóflóðavarna í Norður - Fífladölum og Hafnarhrynu / Gimbrarklettum ofan við byggð á Siglufirði. Efnismagn er um 1600 metrar af stálgrindum og um 500 fótplötur.

Einnig felst í verkinu gerð vegslóða og gangstíga, svo og gerð drenskurða, smíði göngubríða og setbekkja, jöfnun yfirborðs og annar frágangur.

Verkið hófst í lok apríl og lauk í lok ágúst 2014. Verktaki var ÞS verktakar ehf. á Egilsstöðum.

Snjóflóðavarnir á Patreksfirði



Snjóflóðavarnir Patreksfirði, þvergarður við Klif.

Áfram var unnið að uppbyggingu garðsins við Klif á Patreksfirði. Þegar líða tók á árið hófst vinna við ýmsar mótvægisáðgerðir, svo sem handröðun grjóthleðsla, gerð stíga og torgs og smíði borða og bekkja. Áætluð verklok voru um haustið, en ekki náðist að ljúka verkinu og frestast endanlegur frágangur til næsta árs.

Verkkaupar eru Vesturbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur FSR. Verkís hf. sá um verkhönnun og Landmótun sf. um landslagshönnun. Verktaki við snjóflóðavarnirnar við Klif er Glaumur ehf.

Snjóflóðavarnir á Patreksfirði Litladalsá

Verkið fólst í að dýpka og víkka flóðfarveg Litladalsár ásamt byggingu stoðveggja og gerð leiðigarða meðfram neðsta hluta árinna. Tilgangur þessa verks er að verja íbúðahús við Litladalsá og nýja hótelið við Aðalstræti 100. Verkið hófst í byrjun árs og gengu framkvæmdir vel í upphafi. Ýmsar tafir urðu á verkinu og náðist ekki að ljúka því, eins og ráð var fyrir gert. Endanlegur frágangur mun fara fram á næsta ári.



Litladalsá fyrir dýpkun



Eftir að dalur var dýpkaður

Ofanflóðavarnir á Eskifirði, Bleiksá

Byrjað var á krapaflóðsvörnum í Bleiksá, fyrir ofan kirkjuna á Eskifirði. Verkið felst í dýpkun og breikkun Bleiksár og byggingu varnargarðs fyrir ofan kirkjuna.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Fjarðabyggð. Verktaki er Héraðsverk ehf. Egilsstöðum. FSR hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdunum.

Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á árinu 2015.



Bleiksá

Ólafsvík, Upptakastoðvirki, viðgerðir

Árin 2013 og 2014 var unnið að viðgerðum á undirstöðum upptakastoðvirkja í Tvísteinahlíð fyrir ofan Heilsugæslustöðina í Ólafsvík.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Snæfellsbær. Verktaki er TS vélaleiga ehf Ólafsvík.

FSR hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á árinu 2015.

Landvarðahús Drekašli

Á árinu 2014 var byrjað á byggingu landvarðahúss sem rísa mun í Drekašli við Öskju. Grunnflötur húss er um 107 m² auk um 12 m² hliðarbyggingar. Húsið er timburhús á einni hæð með svefnlofti í risi að hluta. Húsinu verður skilað fullfrá-gengnu með innréttingum en án búnaðar. Húsið er byggt úr forsmíðuðum einingum á athafnasvæði verktaka að Laufásgötu 11 Akureyri og verður flutt í 5 húshlutum á byggingarstað.

Framkvæmdir hófust í byrjun apríl 2014. Verktaki er BB Byggingar ehf. Um miðjan ágúst var ljóst að ekki væri hægt að flytja húsið upp í Drekašli þar sem öll umferð þangað var bönnuð vegna eldgoss í Holuhrauni.

Ofanflóðavarnir Bíldudal í Milligili

Unnið var áfram að frumathugun fyrir Ofanflóðavarnir í Bíldudal í Milligili.

Skilamöt og skilagreinar

Á árinu voru eftirfarandi skilamöt og skilagreinar gefin út:

- Landvarðarhús í Blágiljum, Vatnajökulspjóðgarði
Útgefið í desember 2014
- Snæfellsstofa í Vantajökulspjóðgarði
Útgefið í desember 2014
- Snæfellsstofa, sýning
Útgefið í nóvember 2014
- Snjóflóðavarnir á Neskaupstað, varnargarðar í Drangagili
Útgefið í október 2014

Utanríkisráðuneytið

Engin ný verkefni voru unnin hjá FSR fyrir utanríkisráðuneytið á árinu 2014.

Velferðarráðuneytið

Helstu verkefni fyrir velferðarráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2014 voru eftirfarandi.



Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Í framhaldi af frumathugun vann FSR, fyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), að umsjón vegna fyrirhugaðra breytinga á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Aðalhönnuður er Arkís arkitektar. Ákveðið að skipta fullnaðarhönnun og verkfrámkvæmd í áfanga. Heildarfrámkvæmdakostnaður við endurbætur og breytingar er áætlaður um 1 milljarður króna, en einungis hefur fengist heimild til að bjóða út tvo örafanga í þeirri heildarfrámkvæmd.

Árið 2013 var boðinn út örafangi 1A, en heimild fékkst til að bjóða út örafanga 1B árið 2014, en sá áfangi fólst í áframhaldandi breytingum á 1. hæð gamla sjúkrahússins. Verkið var boðið út í ágúst 2014, eitt tilboð barst, frá Skrauthús ehf., kr. 26.151.062.- Tilboðið var 93,48% af kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á kr. 27.974.505.-. Verkinu átti að ljúka í nóvember 2014, en vegna óviðráðanlegra aðstæðna lýkur frámkvæmd væntanlega ekki fyrr en í febrúar 2015.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Sjúkrahús á Húsavík, endurbætur

Unnið var að undirbúningi vegna fyrirhugaðra endurbóta og breytinga sjúkrahússins á Húsavík. Velferðarráðuneytið er verkkaupi og FSR hefur umsjón með verkefninu.

AVH ehf. vann hluta hönnunar og voru frumhönnunargögn afhent árið 2013. Um haustið var gert hlé á verkefninu.

Heilsugæslustöð í Mývatnssveit – Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Ákveðið var að byggja nýja heilsugæslustöð í Mývatnssveit sem yrði sömu gerðar og nýlegar heilsugæslustöðvar sem reistar hafa verið undanfarin ár á landsbyggðinni, þ.e. á Skagaströnd og á Reyðarfirði. Ráðnir voru því til verkefnisins hönnuðir þeirra bygginga, Arkaust arkitektar og Efla verkfræðistofa. Byggingin er um 220 m² plötuklætt timburhús á steypum sökkli. Auk þess verður við húsið opið bílskýli. Fyrirhugað er að áætlunargerð ljúki í byrjun 2015, þá verði verkið boðið út og verklok verði snemma árs 2016.

Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Á árinu 2014, áttu sér stað miklar framkvæmdir við uppbyggingu hjúkrunarheimila, svonefnd „leiguleið“, sem er á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna. Haustið 2014 stóðu yfir framkvæmdir við byggingu 140 rýma í Reykjanesbæ, á Egilsstöðum, á Ísafirði og í Bolungavík. Í undirbúningi eru 100 rými í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi.

Sveitarfélögin annast sjálf undirbúning og framkvæmd í samráði við FSR. Í boði er lánsfjármögnun Íbúðarlánasjóðs en fá sveitarfélög hafa nýtt sér þann kost.

Hjúkrunarheimilin eru í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu og greiðir framkvæmdakostnaðinn til baka á 40 árum. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála.

Á árinu 2014 lauk framkvæmdum við hjúkrunarheimilið við Nesvelli í Reykjanesbæ og það tekið í notkun.



Hjúkrunarheimilið við Nesvelli, Reykjanesbæ

Framkvæmdasjóður aldraðra

FSR hefur frá árinu 2009 unnið með velferðarráðuneytinu við að yfirfara umsóknir um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veita umsagnir um þær. Einnig hefur verið leitað til FSR um gerð viðtökuúttekta á stærrri og flóknari verkefnum að framkvæmdum loknum.

Helstu úthlutanir 2014 voru til þjónustumiðstöðvar við Hlaðhamra í Mosfellsbæ, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar við Spöngina 43 í Grafarvogi, dvalarheimilis aldraðra Borgarbraut 65 í Borgarnesi, hjúkrunar og dvalarheimilis Kirkjuhvols á Hvolsvelli, Öldrunarheimila Akureyrar vegna Víðihlíðar og Furuhlíðar og umsögn um frumdrög hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi.

Húsnæði fyrir umboðsmann skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara (USK) óskaði eftir samstarfi við FSR um undirbúning auglýsingar fyrir nýtt húsnæði fyrir embættið þar sem núgildandi húsaleigusamningur rennur út á árinu 2015.

Unnin voru drög að frumathugun á árinu. Þegar frumathugun liggur fyrir er stefnt að því að vinna húslýsingu í samvinnu við embættið.



Hjúkrunarheimilið Eskifirði

Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

Framkvæmdir við Hjúkrunarheimili á Eskifirði í Fjarðabyggð hófust í janúar 2012. Verkkaupar eru velferðarráðuneytið og Fjarðabyggð, umsjón hefur FSR. Framkvæmdir hófust í ágúst 2011 og lauk haustið 2014.

Arkitektar eru Studio Strik Arkitektar ehf., lóðarhönnun vann Teiknistofna Storð hef., og VSÓ ráðgjöf ehf. sá um verkfræðihönnun.

Haldin var lokuð samkeppni um listskreytingu við Hjúkrunarheimilið á Eskifirði þar sem fjórum listamönnum var boðið að taka þátt. Tillögum var skilað inn 21. febrúar. Tillaga Guðrúnar Kristjánsdóttur var valin til nánari útfærslu.



Listakonan Guðrún Kristjánsdóttir við vinnu á listskreytingu við Hjúkrunarheimilið á Eskifirði



Vinningtillag Hjúkrunarheimilisins á Eskifirði



NLSH Sjúkrahótel

Nýr Landspítali – háskólasjúkrahús NLSH Sjúkrahótel

Verkefnið Nýr Landspítali ohf, NLSH, er unnið samkvæmt lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík nr. 64/2010. Verkkaupi er Nýr Landspítali ohf, NLSH. FSR veitir ráðgjöf og umsjón samkvæmt samningi þar um.

Sítalaverkefnið, heildarverkefnið á lóð Landspítalans við Hringbraut, er samstarfs-verkefni NLSH, Landspítala (LSH) og Háskóla Íslands (HÍ). Formaður verkefnastjórnar er Stefán B. Veturliðason.

Í maí 2014 voru gögn afhent í lokuðu útboði, nr. 15657, fyrir fullnaðarhönnun sjúkrahótel. Tilboð voru opnuð 18. júní 2014.

Útboðið var haldið á grundvelli forvals sem fór fram 2013. Forvalið var opið útboð og samkvæmt niðurstöðu þess var völdum aðilum gefinn kostur á að bjóða í fullnaðarhönnun síðar.

Eftirfarandi fimm hópar buðu í fullnaðarhönnunina: Hnit verkfræðistofa hf., Mannvit hf., Verkís hf., Corpus2 og KOS en þeir hópar stóðust kröfur forvals NLSH - sjúkrahótel og bílastæðahús.

Samið var við lægstbjóðanda, KOS (síðar KOAN) um fullnaðarhönnun sjúkrahótelins sem áætlað er að ljúki vorið 2015.

Sjúkrahóтелиð er 77 herbergja, fjögurra hæða bygging ásamt kjallara, um 4.000 m² að stærð og stendur norðan

Kvennadeildar og mun tengjast deildum spítalans með tengigöngum.

Verkefnið er unnið eftir aðferðafræði BIM í og verkkaupi hyggst fá bygginguna vottaða samkvæmt BREEAM alþjóðlega umhverfissvottunarkerfinu. Verkefnavefur (byggeweb) er notaður svo og dRofus gagnagrunnur.

Skilamöt og skilagreinar

Á árinu voru eftirfarandi skilamöt og skilagreinar gefin út:

- Sambýli Birkimörk 21-27, Hveragerði
Útgefið í janúar 2014
- Hjúkrunarheimilið Mörk, nýbygging
Útgefið í mars 2014
- Viðbygging við Pálsгарð, Húsavík
Útgefið í desember 2014
- Hjúkrunarheimilið Jaðar, Ólafsvík
Útgefið í desember 2014
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, innrétting 1. hæð og kjallara
Útgefið í nóvember 2014
- Sjúkrahúsið á Akureyri, Suðurálma, 1. og 2. hæð
Útgefið í janúar 2014
- Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar, endurbætur
Útgefið í ágúst 2014
- Landspítali við Hringbraut, stækkun gjörgæslu
Útgefið í nóvember 2014

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2014 voru eftirfarandi.

Kirkjustræti 8. Skjaldbreið

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir heimilaði þann 27. ágúst útböð á endurbótum á húsinu Skjaldbreið við Kirkjustræti 8. Endurbæturnar fólu m.a. í sér afréttingu burðargrindar hússins (útveggi og milligólf), viðgerð sökkulveggja og endursteypu á hluta þeirra, viðgerðir á og/eða ísetningu nýrra glugga/hurða, einangrun og klæðningu útveggja og þaks með bárujárni. Verkið var boðið út í september til aðila innan rammasamnings Ríkiskaupa, RK 10.27 Trésmíði.

Eitt gilt tilboð barst í verkið upp á 59,3 m.kr., en kostnaðaráætlun FSR hljóðaði upp á 37,7 m.kr. FSR ákvað í samráði við verkkaupa að hafna tilboðinu. Í framhaldinu var tekin ákvörðun um að áfangaskipta verkinu og voru endurbætur á kjallara hússins boðnar út í október til aðila rammasamnings. Tilboð voru opnuð 14. október og bárust þrjú gild tilboð í verkið. Lægstbjóðandi bauð 19,1 m.kr. og hljóðaði kostnaðaráætlun FSR upp á 21,2 m.kr. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Knekti ehf, og hófst verkið í nóvember. Verklok eru áætluð í mars 2015.



Alþingi, Skjaldbreiður, útlit götuhliðar

Skilamöt og skilagreinar

Engin skilamöt voru gefin út á árinu vegna verkefna Alþingis.

Samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi, bæði við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

BIM Ísland

BIM Ísland eru samtök opinberra verkaupa, sem hafa þann tilgang að styðja við innleiðingu BIM á Íslandi. FSR hefur haldið utan um BIM Ísland frá árinu 2011.

Vefsíða BIM Ísland, www.bim.is, opnaði í nýjum búningi árið 2014 og er áhersla lögð á að deila upplýsingum og kennsluefni um BIM á Íslandi og erlendis frá.

Í október 2014 var BIM International Conference haldin í annað skipti, í Lissabon Portúgal, undir yfirskriftinni „Challenges to Overcome“. Haraldur Arnórsson, fór fyrir hönd BIM Íslands og FSR, og flutti erindi um hver staðan væri á Íslandi með tilliti til innleiðingar á BIM og hver reynsla okkar væri, með tilliti til þess hvers ber að varast.



BIM forum

Einnig tók BIM Ísland og FSR þátt í öðrum atburðum. Nefna má heimsókn innanríkisráðherra og allsherjarnefndar Alþingis í fangelsið á Hólmsheiði, ráðstefnu Snertils, hjá nemendum við Tækniteiknun við Iðnskólann í Hafnarfirði og SAMARK.

Byggingarstaðlaráð

Byggingarstaðlar tengjast verkefnum FSR og hefur stofnunin lengi verið aðili að Staðlaráði en Staðlaráð Íslands gefur út staðlana.

Dokkan

Dokkan er þekkingarfyrirtæki sem í samstarfi við fyrirtæki hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar um hagnýta og

fræðilega þekkingu með prófaðar lausnir, hagkvæmni og nýsköpun á hverju mál-efnasviði. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar og tóku þátt í nokkrum fundum á árinu.



Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1 og er um að ræða námskeið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræðideild. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingageiranum.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum, þau Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Menningarstefna í mannvirkjagerð – stefna stjórnvalda í byggingarlist, var samþykkt af ríkisstjórn í apríl 2007. Í tvígang hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið skipað starfshóp til að fylgja stefnunni eftir. Þegar hefur mikið áunnist, en þar var álit síðari starfshópsins að farsælast væri að fela viðkomandi ríkisstofnunum að annast eftirfylgni á menningarstefnunni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fór þess á leit við FSR í apríl 2013 að stofnunin fylgdi eftir ákvæðum menningarstefnunnar í kafla 1. um gæði, í kafla 2. kafla hvað snertir verklag og í 4. kafla um hag eftir því sem aðstæður leyfa. Ekki fylgdu fjárframlög þessari ráðstöfun.

Stefnan er komin í framkvæmd og má nefna nokkur atriði í því sambandi:

- Tekin hefur verið upp markviss stjórnun með skýrum verklagsreglum á öllum stigum við umsjón opinberra framkvæmda
- Haldnar hafa verið opnar hönnunarsamkeppnir á vegum ríkisins og er vísað til menningarstefnunnar í þeim samkeppnum
- Vísað er í menningarstefnu í mannvirkjagerð í forsendum styrkveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

- Gerð hafa verið sniðmát af mann-virkjaáætlun fyrir öll ráðuneyti
- Tekið hefur verið tillit til líftímakostnaðar en ekki aðeins stofnkostnaðar við opinberar framkvæmdir. Ennfremur er mælt með líftímagreiningum í nýrri byggingarreglugerð
- Áhersla er lögð á aðgengi

Menningarstefnan var endurútgefin í rafrænu formi í október 2014, og er hægt að nálgast hana á vef menningarmála-ráðneytisins.

FSR mun áfram leggja áherslu á að fylgja menningarstefnunni eftir.

Nordic Built

FSR er aðili að Nordic Built sem er norrænt samvinnuverkefni sem hvetur til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð og miðar að því að Norðurlöndin verði leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. Markmið verkefnisins er að byggingaiðnaðurinn sameinist um að nýta sérþekkingu sína til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum. Kjarni verkefnisins var ákvarðaður með sáttmála sem stofnað var til á árinu 2011 en verkefnið er fjármagnað af Norræna ráðherraráðinu ásamt Nordic Innovation.

Tengiliður FSR í samstarfi við Nordic Built var Óskar Valdimarsson.



Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn (Nordisk Byggedag / Nordic Building Forum). Stefnt er að því að næsta NBD ráðstefna verði í Reykjavík haustið 2015. FSR tekur þátt í deginum og kynnir BIM í hönnun og framkvæmdum.

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar/ Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum.

Stjórnendafundur NKS var haldinn í Kaupmannahöfn 20.-21. maí 2014 og sótti Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri FSR fundinn f.h. FSR.



Samtök iðnaðarins

Samtök iðnaðarins fögnuðu 20 ára afmæli árið 2014, en samtökin voru stofnuð 24. september 1993.

Árlegt útboðsþing verktaka um verklegar framkvæmdir, Útboðsþing 2014, var haldið 14. febrúar 2014 á Grand Hótel Reykjavík. Meðal fyrirlesara var Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri FSR, sem flutti erindi verkframkvæmdir 2014 á vegum FSR



Steinsteypufélag Íslands

Samstarf hefur verið hjá FSR við Steinsteypufélag Íslands. Steinsteypudagurinn er árlega og er jafnan fjölsóttur. Var hann haldinn 21. febrúar 2014 á Grand hóteli. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með öflugum fyrirlestrum þar sem tekið var á mörgum mikilvægum málum sem dynja á byggingariðnaðinum. Þó nokkrir starfsmenn FSR tóku þátt.

TWN - Vinnuaðstöðusamtök

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru samtök systurstofnana FSR/FR í mörgum löndum þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnuaðstöðu.

Fulltrúi FSR sótti ekki árlegan fund TWN árið 2014.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands /Nordnet

Samstarf hefur verið við Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF) með þátttöku í starfi og viðburðum félagsins.

VSF hélt 30 ára afmæliðhátíð í sal Arionbanka þann 23. maí 2014, en félagið var stofnað sama dag árið 1984.

Haustráðstefna Verkefnastjórnunarfélags Íslands, „Framtíðin er verkefnastjórnun“, fór fram á Reykjavík Natura 9. október 2014. Meðal þátttakenda var Sigurður Norðdahl frá FSR.



Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði (VBR) sem er vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Starfsemin hefur verið lífleg og haldnir voru margir atburðir á árinu.

Tengiliður FSR og varamaður í stjórn Vistbyggðarráðs var Lena Kadmark.



Bæklingur um vistvænt skipulag þéttbýlis

Verkefni VBR árið 2014:

- Bæklingur um vistvænt skipulag gefin út í lok október
- Vistsporið – Fréttabréf VBR
- Vika vistvænna bygginga dagana 22. – 29. september
- Nordic Built vinnustofa Norræna húsinu, Reykjavík 11. apríl
- Þátttaka í tveimur samnorrænum verkefnum, styrkt af Nordic Built
- Samstarfsverkefni vistbyggðaráðanna á Norðurlöndum „Samnorrænn gagna-banki um vistvæn byggingarefni“
- Opnir fundir
 - Vistvottun skipulags skv. BREEAM
 - Vistvænar byggingavörur, upplýsingar og aðgengi
 - Háhýsi eða smáhýsi í vistvænu skipulagi

Dagana 2. – 3. október var haldin alþjóðleg ráðstefna á, NorLCA Symposium (norrænn samstarfsvettvangur um vistferlisgreiningar). Meðal fyrirlesara var Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri FSR, og hélt hún erindið „Why LCA in Public Buildings“.



Gestastofa og upplýsingamiðstöð Vatnajökulspjóðgarðs á Skriðuklaustri, fyrsta vistvænt vottaða bygging landsins skv. umhverfisstaðli BREEAM

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmum 265 milljónum króna sem er 3% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu rúmum 269 milljónum króna og fóru því rúmum 5% fram úr áætluðum gjöldum.

Tekjur lækkuðu frá fyrra ári um tæpar 18 milljónir króna eða um tæp 12%. Gjöld hækkuðu á móti um rúmar 17 milljónir króna á milli ára eða rúm 6%. Afkoma stofnunarinnar var neikvæð um tæpar 4 milljónir króna en gert hafði verið ráð fyrir að afgangi að fjárhæð 2 milljónir króna.

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2014 námu þau rúmum 212 m.kr. eða rúmum 79% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 2,7%. Stofnana-samningar voru endurnýjaðir á árinu 2013 og var gengið út frá því við samninga-gerðina að starfsmenn ættu að geta klárað vinnu sína í dagvinnutíma. Sú viðmiðun mun hafa gengið ágætlega eftir á árinu 2014. Þannig hækkaði dagvinnuhluti launa um 6,6% en á móti lækkaði yfirvinna um rúm 39%.

Miðlægar hækkanir vegna kjarasamninga urðu í upphafi ársins og námu á bilinu 2,8% til 3,8% eftir stéttarfélagum. Einnig voru greiddar kjarasamningstengdar eingreiðslur sem lágu á bilinu 38 þ.kr. til rúmlega 52 þ.kr. Auk þessa komu til hækkanir skv. stofnana-samningum s.s.

vegna starfsaldurs og byggingastjórnar. Launaliður fór rúm 2% fram úr áætlun ársins.

Í heildina námu önnur gjöld stofnunarinnar tæpum 57 milljónum króna og lækkuðu frá fyrra ári um 15 milljónir króna eða rúm 20%.


Á árinu var tekjufært tillag fyrra árs í afskriftasjóð að fjárhæð 2 m.kr. Afskrifta-sjóður stendur í lok ársins í 13 m.kr. en að baki þeirri fjárhæð standa tvær kröfur.

Í árslok nam eigið fé Framkvæmda-sýslunnar 677 þúsundum króna

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka-anna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd dróst velta FSR vegna verkefna lítilllega saman á milli árana 2013 og 2014 eða um 3%.



Velta verkbókhalds árin 2000 - 2014 í milljónum króna

Gæðastjórnunarkerfi

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í alþjóðlega stjórnunaraðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Viðhaldsvottun Vottunar hf. fór fram í apríl og október. Í fyrri viðhaldsúttekt voru 4 athugasemdir og þeirri síðari voru 7 athugasemdir. Engin frávik voru skráð í viðhaldsúttektir Vottunar hf. á árinu

Innri úttektir fóru fram á vormánuðum. 14 verklagsreglur voru teknar út í 15 innri úttektum. Verklagsreglur sem tengjast kjarnastarfsemi FSR – frumathugun, öflun húsnæðis, áætlunargerð, verklegum framkvæmdum og skilmati eru teknar út árlega.

Starfsmannamál

Í lok ársins 2014 störfuðu hjá FSR 23 starfsmenn í rúmu 21 stöðugildi auk ræstítækis.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður. Stofnunin leggur áherslu á viðhalda hæfni starfsmanna og er endurmenntun og þjálfun er því fastur liður í starfseminni.

Konur voru um áramót í 31% stöðugilda hjá FSR. Það er markmið jafnréttis-áætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Nokkrar breytingar urðu á mannhaldi stofnunarinnar á árinu. Þannig hættu þrír verkefnastjórar. Þetta eru þau Bjargey Björgvinsdóttir, Lena B. Kadmark og Magnús K. Sigurjónsson. Stefán Ólafsson hóf störf hjá stofnuninni um mitt ár.

Óskar Valdimarsson forstjóri FSR lést í nóvember. Óskar hafði verið forstjóri FSR í 15 ár og haft forystu um mörg mikilvæg verkefni í tengslum við opinberar framkvæmdir um árabíl.

Starfsmenn FSR í árslok 2014

Berglind Ýr Ólafsdóttir
Bergljót S. Einarsdóttir
Gíslína Guðmundsdóttir
Guðbjartur Á. Ólafsson
Guðmundur Pálsson
Guðni Geir Jónsson
Guðrún V. Árnadóttir
Gunnar Sigurðsson

Halldóra Vífilisdóttir
Haraldur Arnórsson
Hreinn Sigurðsson
Ingibjörg Birna Kjartansdóttir
Ívar Már Markússon
Jón R. Sigmundsson
Magnús K. Sigurjónsson
Róbert Jónsson

Sigríður Oddný Marinósdóttir
Sigurður Hlökkversson
Sigurður M. Norðdahl
S. Hafsteinn Steinarsson
Stefán Ólafsson
Þorvaldur Stefán Jónsson
Örn Baldursson



Starfsfólk FSR 2014

Starfsmannafélagið Auðvitað

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Bjargey Björgvinsdóttir gaf kost á sér sem formaður starfsmannafélagsins. Haraldur Arnórsson var ritari og Ingibjörg Birna Kjartansdóttir gjaldkeri. Varaformenn voru Jón R. Sigmundsson og Ívar Már Markússon. Skoðunarmenn voru Hreinn Sigurðsson og Guðbjartur Á. Ólafsson. Breyting var á stjórn Auðvitað vegna starfsloka Bjargeyjar í maí 2014.

Auðvitað stóð fyrir 13 viðburðum á starfsárinu. Helst ber þar að nefna skíða- og menningarferð til Siglufjarðar í lok febrúar. Dagskráin var skipulögð með aðstoð Sigurðar Hlöðverssonar.

Gist var á Hóli sem er nálægt hinu margrómaða skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal. Þar eru 7 herbergi og gistaðstaða fyrir 30 manns. Á skíðasvæðinu eru 4 lyftur og upplýst braut fyrir gönguskiðafólk.



Skíðasvæði Siglfirðinga

Þegar leið á sumarið hófst HM leikur Auðvitað, þar sem starfsmenn gátu tekið þátt með því að giska á úrslit í HM í Fótbolta. Skipt var upp í 2 leiki, 16 liða úrslit og lokaúrslit.

Í byrjun október var farið í haustferð. Ekið var með rútu upp á Hólmsheiði og keyrt í kringum fangelsið. Í kjölfarið var haldið í Borgarfjörð, þar sem Loftorka var heimsótt og bruggverksmiðjan Steðji. Í lokin var komið við á Fossatúni og kvöldmatur snæddur þar.

Í október var Þjóðskjalasafnið heimsótt, og starfsemin þar kynnt fyrir okkur. Eftir það var farið á Roadhouse þar sem Auðvitað bauð upp á borgara.



Heimsókn í Þjóðskjalasafnið

Í desember var farið með mannskapinn að heimsækja nýtt húsnæði Samgöngustofu. Einnig var hinn sívinsæli jólavinaleikur, þar sem jólasveinar af ýmsum stærðum og gerðum læddust um ganga og laumuðu gjöfum á sína jólavini.

Um miðjan desember var árlegt jólahlaðborð Auðvitað haldið, þar sem starfsmenn komu með ýmsar kræsingar.

Ekki var haldin árshátíð árið 2014 þar sem ákveðið var að slá saman árshátíð 2014 og 2015 og tengja við fræðsluferð sem til stendur að fara til Helsinki vorið 2015.




Heimsókn í Loftorku

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2014

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2014

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.


Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	265.126.708	282.838.183	259.000.000
Gjöld samtals.....	269.092.364	278.551.198	259.000.000
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-3.965.656	4.286.985	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	1.506.559.936	789.860.594	
Skuldir samtals.....	1.505.883.391	785.218.393	
Höfuðstóll í árslok.....	676.545	4.642.201	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-39.233.695	-62.283.624	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

10.03.2015


Forstöðumaður


Aðalbókari

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2014	Reikningur 2013	Fjárheimildir 2014
Tekjur			
Sértekjur.....	265.126.708	282.838.183	259.000.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	265.126.708	282.838.183	259.000.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	269.092.364	278.551.198	259.000.000
101 Framkvæmdasýsla ríkisins.....	269.092.364	278.551.198	259.000.000
Gjöld samtals	269.092.364	278.551.198	259.000.000
Tekjur umfram gjöld.....	-3.965.656	4.286.985	0
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-3.965.656	4.286.985	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2014	Reikningur 31.12.2013
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímaskuldir.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímaskuldir aðrar.....	227.109.972	285.662.279
Handbært fé.....	1.279.449.964	504.198.315
Veltufjármunir samtals.....	1.506.559.936	789.860.594
Eignir samtals.....	1.506.559.936	789.860.594
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	4.642.201	355.216
Breyting v/lokafjálaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-3.965.656	4.286.985
Höfuðstóll í árslok.....	676.545	4.642.201
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	676.545	4.642.201
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	39.233.695	62.283.624
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.466.649.696	722.934.769
Skammtímaskuldir samtals.....	1.505.883.391	785.218.393
Skuldir samtals.....	1.505.883.391	785.218.393
Skuldir og eigið fé samtals.....	1.506.559.936	789.860.594

Sjóðstreymi

	Reikningur 2014	Reikningur 2013
Hagnaður/tap ársins	-3.965.656	4.286.985
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	58.552.307	133.689.651
Breyting skammtímaskulda.....	743.714.927	-120.565.961
Handbært fé frá rekstri	798.301.578	17.410.675
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjárumunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	-23.049.929	24.941.849
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-23.049.929	24.941.849
Breyting á handbæru fé	775.251.649	42.352.524
Handbært fé í ársbyrjun	504.198.315	461.845.791
Handbært fé, hreyfingar	775.251.649	42.352.524
Handbært fé í árslok	1.279.449.964	504.198.315

Staða viðfangsefna 31.12.2014

Sundurlitðun	Viðfangsefni fjárlaga og heita				Samtals öll viðfangsefni	
	Framkvæmda 101				2014	2013
Tekjur						
Sértekjur	265.126.708				265.126.708	282.838.183
Markaðar tekjur	0				0	0
Aðrar rekstrartekjur	0				0	0
Tekjur alls	265.126.708				265.126.708	282.838.183
Rekstrargjöld	269.092.364				269.092.364	278.551.198
Framlag ríkissjóðs	0				0	0
Niðurstaða ársins	-3.965.656				-3.965.656	4.286.985
Höfuðstóll í upphafi árs	4.642.201				4.642.201	355.216
Breyting v/lokafjárlaga	0				0	0
Höfuðstóll 31.12.2014	676.545				676.545	4.642.201

Sundurliðun tekna 2014

Lykill	Heiti tegunda	Framkvæmdasýsla 101	Samtals öll viðföng 2014
	Sértekjur samtals	265.126.708	265.126.708
45190	Önnur sérfræðipjónusta	263.544.747	263.544.747
47702	Vaxtatekjur af bankainnstæðum	305.935	305.935
47792	Aðrar fjármunatekjur	26.026	26.026
47992	Ýmsar aðrar tekjur	1.250.000	1.250.000
	Markaðar tekjur samtals	0	0
	Aðrar rekstrartekjur samtals	0	0
	Tekjur samtals	265.126.708	265.126.708

Sundurliðun gjalda 2014

Lykill	Heiti tegunda	Framkvæmdas 101	Verk í framkvæ 900	Samtals öll viðföng 2014
5111	Grunnstörf, viðvera	152.364.214	0	152.364.214
5118	Orlof á mánaðar- og dagvinnulaun	1.095.050	0	1.095.050
5119	Önnur dagvinnulaun	3.356.303	0	3.356.303
5121	Ræsting	841.448	0	841.448
5141	Fastar aukagreiðslur	2.410.974	0	2.410.974
5149	Aðrar aukagreiðslur	966.244	0	966.244
5151	Föst yfirvinna, ótímabundið	3.412.097	0	3.412.097
5153	Yfirvinna, tímamæld	5.995.365	0	5.995.365
5159	Orlof á yfirvinnu	771.091	0	771.091
5181	Launategd gjöld	40.220.405	0	40.220.405
5183	Viðbótargjald í lífeyrissjóð	200.962	0	200.962
51910	Uppbót vllikamsræktar	810.000	0	810.000
52100	Bækur, tímarit, blöð	341.211	0	341.211
52110	Ritföng, pappír, bréfabindi	375.347	0	375.347
52120	Ljósritunar-, prent- og fjölrítunarvörur	721.734	0	721.734
52140	Snældur, diskettur, segulmiðlar o.p.h. vörur	5.572	0	5.572
52190	Annað ótilgreint vegna skrifstofu	314.177	0	314.177
52520	Verkfæri og áhöld	16.752	0	16.752
52540	Eldhúshöld	2.264	0	2.264
52580	Auka- og varahlutir fyrir tölvur	68.779	0	68.779
52590	Önnur tæki og áhöld	240.173	0	240.173
52630	Varahlutir vegna fjarskiptabúnaðar og fiskleitart	4.500	0	4.500
52690	Viðhaldsvörur, ýmsar	1.384	0	1.384
52700	Rafmagn	317.992	0	317.992
52720	Bensín	299.941	0	299.941
52810	Keyptar máltíðir og kaffiveitingar	1.084.906	0	1.084.906
52830	Drykkjarvörur	301.548	0	301.548
52900	Vinnufatnaður og fatapeningar	179.084	0	179.084
52930	Hreinlætisvörur, ræstingarvörur	145.894	0	145.894
52940	Vörur til skyndihjálp	2.803	0	2.803
54110	Ráðstefnugjöld	248.581	0	248.581
54120	Námskeiðs- og skólagjöld	1.004.912	0	1.004.912
54130	Félagsgjöld	1.249.090	0	1.249.090
54202	Fargjöld innanlands	3.420.964	0	3.420.964
54212	Fargjöld erlendis	454.378	0	454.378
54222	Dagpeningar innanlands	2.652.140	0	2.652.140
54232	Dagpeningar erlendis	898.422	0	898.422
54282	Annar ferðakostnaður, innanlands	0	-824.922	-824.922
54300	Leigubifreiðar	487.160	0	487.160
54310	Bílaeigubifreiðar	2.957.713	0	2.957.713

Sundurliðun gjalda 2014

Lykill	Heiti tegunda	Framkvæmdas 101	Verk í framkvæ 900	Samtals öll viðföng 2014
54330	Starfsmannabifreiðar	2.941.644	0	2.941.644
54410	Lögfræðingar	530.000	1.012.495	1.542.495
54411	Lögfræðingar, án VSK	375.822	-1.012.495	-636.673
54420	Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar	2.192.678	259.217.679	261.410.357
54421	Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar, án V	0	-258.392.757	-258.392.757
54430	Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkráþjálfarar	3.760	0	3.760
54481	Dýralæknar, án VSK	0	-139.231.331	-139.231.331
54490	Önnur sérfræðipjónusta	1.333.750	16.253.562	17.587.312
54491	Önnur sérfræðipjónusta, án VSK	0	-16.253.562	-16.253.562
54520	Hugbúnaðargerð	6.231.835	0	6.231.835
54530	Tölvuvinnsla og rekstrarsamningar, rekstrarþjónus	362.990	0	362.990
54650	Þjónustugjöld fjármálastofnana	194.260	0	194.260
54700	Auglýsingar, birting	112.636	0	112.636
54710	Auglýsingapjónusta	16.000	236.193	252.193
54711	Auglýsingapjónusta, án VSK	0	-236.193	-236.193
54740	Kynningarstarfsemi, ýmis	535.525	0	535.525
54750	Upplýsingaöflun, ýmis (ótalin annars staðar)	148.983	0	148.983
54900	Prentun, fjóritun, bókkband, ljósritun	67.435	0	67.435
54910	Póstburðargjöld	147.752	0	147.752
54920	Vöru- og hraðflutningar	238.085	0	238.085
55130	Simagjöld og afnotagjöld af línun	2.467.182	0	2.467.182
55150	Afnotagjöld af skráum og tölvupóstþjónustu	1.541.918	0	1.541.918
55190	Önnur afnotagjöld	6.460.998	0	6.460.998
55210	Húsaleiga	5.848.321	0	5.848.321
55290	Önnur leigugjöld	810.680	0	810.680
55330	Sendibifreiðar	17.940	0	17.940
55450	Rafverk- og verkstæði	11.995	0	11.995
55480	Mannvirklagerð, ósundurlíuð	0	139.231.331	139.231.331
55510	Radíó-, sjónvarps- og simaverkstæði	51.446	0	51.446
55520	Skrifstofuvéla- og tölvuverkstæði	191.348	0	191.348
55530	Viðhalds- og þjónustusamningar, ýmsir	85.340	0	85.340
55550	Viðgerðir áhaldna og húsgagna	16.127	0	16.127
55590	Önnur verkkaup og aðrar viðgerðir	62.748	0	62.748
55600	Þvottahús og efnalaugar	221.838	0	221.838
55610	Ræsting	0	7.601.042	7.601.042
55611	Ræsting, án VSK	0	-7.601.042	-7.601.042
55620	Sorphreinsun	79.567	1.546.300	1.625.867
55621	Sorphreinsun, án VSK	0	-1.546.300	-1.546.300
55690	Önnur verkkaup	10.990	0	10.990
55820	Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu húsnæði	1.852.997	0	1.852.997

Sundurliðun gjalda 2014

Lykill	Heiti tegunda	Framkvæmdas 101	Verk í framkvæ 900	Samtals öll viðföng 2014
55890	Kostnaðarhluteild í sameiginlegri þjónustu, óski	977.074	0	977.074
57192	Annar fjármagnskostnaður	32.600	0	32.600
57322	Bifreiðatryggingar	81.094	0	81.094
57442	Skattar af véllum og farartækjum	12.655	0	12.655
57472	Skattur af fjármagnstekjum	61.187	0	61.187
57722	Afskrifaðar tapaðar skammtímakröfur, almennt	-1.954.184	0	-1.954.184
57812	Gengistap, veltufjármunir, skammtímaskuldir og yf	23.125	0	23.125
57892	Afrúningur (sjálfvirkar vinnslur)	-14	0	-14
58130	Skrifstofuvélar	1.414.758	0	1.414.758
58140	Tölvubúnaður	2.870.724	0	2.870.724
59142	Til einstaklinga, samtaka og heimila	167.181	0	167.181
	Gjöld samtals	269.092.364	0	269.092.364

Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2014

Fjárheimildir

Viðfangsefni	Heiti viðfangsefna	Fjárlög 2014	Fjárukaiðög 2014	Millifærslur 2014	Fjárheimild 2014	Flutt frá árinu 2013	Sampykkt lokafjárlög	Fjárheimild alls 2014
	Tekjur							
101	Framkvæmdasýsla ríkisins	-259.000.000	0	0	-259.000.000	0	0	-259.000.000
	Gjöld							
101	Framkvæmdasýsla ríkisins	259.000.000	0	0	259.000.000	4.642.201	0	263.642.201
	Samtals tekjur og gjöld	0	0	0	0	4.642.201	0	4.642.201
	Markaðar tekjur							
	Samtals markaðar tekjur	0	0	0	0	0	0	0
	Aðrar rekstrartekjur							
	Samtals aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0	0	0
	Alls	0	0	0	0	4.642.201	0	4.642.201

Fjárhéimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2014

Fjármögnun

	Fjárlög 2014	Fjárukalög 2014	Millifærslur 2014	Fjárhéimild 2014	Flutt frá árinu 2013	Sambykkt lokafjártög	Fjárhéimild alls 2014
Greitt úr ríkissjóði	0	0	0	0	-62.283.624	0	-62.283.624
Viðskiptahreyfingar	0	0	0	0	66.925.825	0	66.925.825
Fjármögnun alls	0	0	0	0	4.642.201	0	4.642.201

Viðskiptareikningur við ríkissjóð

1. Eignahlíð (framlag og tekjur innheimtar af ríkissjóði)

Flutt staða frá fyrra ári	-62.283.624
Breyting vegna lokafjártaga	0
Framlag ríkissjóðs	0
Markaðar tekjur, innheimt af ríkissjóði	0
Aðrar rekstrartekjur, innheimt af ríkissjóði	0
Krafa á ríkissjóð	-62.283.624

2. Skuldahlíð (Greiðslur sem stofnun fær frá ríkissjóði eða skuldar ríkissjóði)

Greiðdir reikningar	0
Launakostnaður	-218.092.727
Rekstrarfé, óskipt	241.104.744
Millifærslur	37.912
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Aðrar rekstrartekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Samtals viðskipti við ríkissjóð	23.049.929
Skuld við ríkissjóð	-39.233.695

Sjóðir og bankareikningar 31.12.2014

Lykill	Heiti tegunda	Vidd 1	Eignir	Skuldir
1120	Seðlabanki Íslands		1.263.674.959	0
		b25394	1.263.674.959	0
1126	Arion banki		15.775.005	0
		b280	15.775.005	0
	Handbært fé samtals			1.279.449.964
	Yfirdráttur bankareikninga			0
	Sjóður og bankareikningar samtals			1.279.449.964

Staða viðskiptamanna 31.12.2014

Lykill	Kennitala	Nafn	Eignir	Skuldir
1211	Ríkisstofnanir í A-hluta		0	1.320.350.865
	5103912259	Framkvæmdasýsla ríkisins	0	1.320.350.865
12176	Ógreiddir reikningar AR		209.633.031	0
	0	Null for Kennitala in Acc Structure	209.633.031	0
12754	Viðskiptafærsla AR, óreikningsfært		2.332.000	0
	0	Null for Kennitala in Acc Structure	2.332.000	0
	Skammtímakröfur samtals (12)		211.965.031	1.320.350.865
22004	Endurgreiddur VSK til stofnana		15.144.941	0
		Engin sundurliðun	15.144.941	0
2219	Aðrir viðskiptamenn		0	19.713.000
	9909901150	Afskriftarsjóður útist.krafna	0	13.000.000
	9909901999	FSR Viðskiptafærsla	0	6.300.000
	6001692039	Háskóli Íslands	0	413.000
2275	Ógreidd gjöld		0	126.585.831
		Engin sundurliðun	0	126.585.831
	Skammtímaskuldir alls (22)		15.144.941	146.298.831
	Viðskiptakröfur		227.109.972	
	Viðskiptaskuldir			1.466.649.696



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS